



Skotfélagið Markviss

Alþingi

Nefnda-og greiningarsvið

150 Reykjavík

Mál nr. 349

Pingskjal 360

154. löggjafarþing

Dags 23.11.2023

Umsögn um frumvarp vegna breytinga á vopnalögum, nr. 16/1998.

Ljóst er að frumvarp þetta sem nú er til umsagnar er mun strangara og flóknara en lög t.d. norðurlandanna sem nú þegar hafa uppfært lög við innleiðingu ESB löggjafar frá 2021. Markviss bendir sérstaklega á að Svíþjóð er að endurskoða sína vopnalöggjöf með þeim útgangspunkti að megintilgangur endurskoðunarinnar er að skapa regluverk sem gerir löglegum byssueigendum eins og veiðimönnum og íþróttaskyttum ekki erfitt fyrir að óþörfu og gera regluverkið skiljanlegra og aðgengilegra. T.d. leggja til skiptingu á refsíákvæðum skotvopnalaga í því skyni gera skýrari greinarmun á brotum sem venjulega eru framin af löglegum byssueigendum og notkun ólöglega vopna af hálfu skipulagðrar glæpastarfsemi.

Í frumvarpi þessu er ítrekað orðalagið "nánar tilgreint í reglugerð". Ein aðal ástæða ýmisa vandamála í dag í sambandi við vopnalögin er einmitt að rekja til reglugerða, sibreytilegra vinnureglna og ákvarðanna embættismanna. Ekki er ljóst að frumvarpið minnki það flækjustig.

9.gr

Í 12gr. Frumvarpsins, d-lið segir að skotvopna leyfi skuli ekki gefið út til lengri tíma í senn en fimm ára og réttindi S til tveggja ára. Ekki er óeðlilegt að stytta gildistíma í fimm ár og til samræmis við gildistíma ýmissa atvinnuréttinda. Teljum við það vel.

Í greininni kemur einnig fram með skýrari hætti en fyrir var, hvaða brot geta leitt til að einstaklingi sé synjað um skotvopnaleyfi og teljum við það gott sérlega gagnvart ávana og fíkniefna brotum sem og ofbeldis brotum. Þó ætti þarna að vera rúm til undanþágu hafi viðkomandi bætt ráð sitt og sýnt ábyrga hegðun td. samkvæmt málaskrá lögreglu

11gr.

Um 13. gr Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um að hafa skotvopnaleyfi fyrir þann sem er á æfingum á vegum viðurkenndra skotfélaga á viðurkenndu æfingasvæði. Þarna vantar að halda inni þessari málsgrein úr fyrri lögum um allavega tímabundna undanþágu þar sem þetta er einn aðal grunnurinn að kynningu á starfsemi og endurnýjun félaga í skotíþróttafélögum og þeirra er stunda skotíþróttir eins og tíðkast allstaðar í Evrópu. Hér er gengið lengra en í okkar nágrannalöndum án rökstuðnings. Nú þegar er uppi sú staða að eitt lögregluumdæmi túlkar núverandi lög á annan hátt en önnur og hefur neitað sko.félagi á sínu svæði að halda opnar kynningar á starfsemi sinni öðruvísi en bara í orði, nema viðkomandi sé skráður félagsmaður.

Í fyrsta lið 3.mgr. er fjallað um nýjan flokk skotvopnaréttinda, C-flokk, þar sem loft vopn sem áður voru í D-flokki verða sett. Þetta er góð og löngu tímabær breyting og færir okkur nær mörgum nágrannalanda okkar þar sem loftvopn eru jafnvel ekki leyfisskyld. Þessi breyting gerir þeim sem iðka vilja íþróttagreinar þar sem loftvopn eru notuð mun auðveldara fyrir og er því mjög jákvæð.

Þó ætti C leyfi að fylgja A leyfi sé viðkomandi virkur í skotíþrottafélagi og fyrirkomulag D leyfa að vera óbreytt þar sem þetta yrði verulega íþyngjandi fyrir skotíþróttafólk sem nú þegar býr við mun þrengri lagaramma en í nágrannalöndum okkar.

Í þriðja lið 5.mgr sem fjallar um heimild lögreglustjóra til að leyfa notkun safnvopna tímabundið, við teljum mjög jákvætt að þessi grein sé inni en hún mætti vera rýmri og skýrar afmörkuð en þar er meginreglan að slík heimild gildi í viku og einungis einu sinn fyrir hvert vopn þetta mætti vera oftast og td. bundið við eh. viðburði á vegum skotfélaga eða Safnarafélags, eins hvað svæði þurfi að uppfylla til að vera gjaldgeng í þessu tilliti, nægir t.d. að vera viðurkennt skotsvæði.

Varðandi fjölda skota sem viðkomandi má eiga vildum við mun frekar sjá hann tilgreindan í lögum þessum fremur en með reglugerð ráðherra sem gæti verið síbreytileg eftir því hver sæti í ráðherrastóli. Sem dæmi ef núverandi reglugerð væri framfylgt væri nær ógerlegt að stunda skotfimi á Íslandi.

Í reglugerð/lögum ESB þá er fjallað um Flokk A, Flokk B og Flokk C. í þessu flokkum er gerður greinamunur á hvernig sjálfvirk og hálf sjálfvirk skotvopn verið um er að ræða. Hversu mikinn skotafjölda þau taka, er einhver aukabúnaður á þeim og þar fram eftir götunum. En í frumvarpi þessu þá er allar sjálf- og hálf sjálfvirkar byssur settar undir einn hatt. Markviss leggur til að flokkun ESB verði skoðuð og sjálf- og hálf sjálfvirkar byssur verði leyfðar sem við á er hentar veiðum og keppnisgreinum Skotíþróttasambands Íslands. Sem dæmi þ.á eru margar kúlugreinar stundaðar á Norðurlöndunum sem ekki hafa verið teknar enn upp á Íslandi og er og verður ekki hægt vegna núverandi og verðandi lagaumhverfis.

12gr

Um 15.gr Lögreglustjóri getur heimilað samtökum eða opinberu safni að eiga og varðveita skotvopn til söfnunar. Og sé einstakling falið að annast vörslu vopnanna og það er skilyrði að sá einstaklingur sé með skotvopnaréttindi í flokki S. Þetta ákvæði gæti haft í för með sér að mörg minni opinber söfn munu ekki leitast við að uppfylla þessi skilyrði og vopn sem eru í þeirra vörslu og eiga oft ríka sögu og tengsl við land og þjóð munu glatast.

13.gr

Þessi breyting er mjög til bóta.

14.gr

Um 17.grÞarna vakna spurningar um hversu rík ábyrgð þeirra sjálfboðaliða sem taka að sér þessi störf fyrir skotíþrottafélag er, væri hægt að lögsækja viðkomandi persónulega og dæma af honum réttindi og eigur vegna brota annars ótengds aðila á skotæfingasvæði? Nú þegar er erfitt fyrir íþrottafélög að manna stöður þjálfara og æfingastjóra og væri þetta raunin gæti það orðið nær ómögulegt. Nú þegar eru komin dæmi um að sjálfboðaliðum sé stefnt persónulega fyrir dóm vegna starfa fyrir íþrottafélag.

Þrátt fyrir a- og d-lið 1. mgr. 12. gr. er heimilt að veita ungmennum leyfi til að nota skotvopn og skotfæri undir stjórn skotstjóra félagsins samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur.

Þessa heimild teljum við að festa ætti í lög frekar en reglugerð og rýmka til samræmis við nágrannalönd þar sem hérland skotíþrottafélög hafa enga möguleika í dag til að standa jafnfætis þeim, þar sem okkar unglingar eru 8-10 árum á eftir jafnöldrum sínum erlendis, hefðum við viljað sjá eh. í átt við eftirfarandi:

Loftbyssur 10 ára

Randkveiktir rifflar og tvíhleyptar haglabyssur 12 ára

Randkveiktar íþrottaskammbyssur 15 ára.

Miðkveiktarbyssur 17-18 ára

Eins og staðan er í dag er engin leið fyrir unglinga til að þróast sem skotíþróttamenn frá 15 ára til 21 árs og og geta þeir þar afleiðandi ekki keppt við jafnaldra sína erlendis.

Eins og áður í þessari grein eru heimildir ráðherra til að setja nánari skilyrði í reglugerð allt of rúmar.

15.gr

Um breytingar á 18.gr segir að í skotvopnaskrá skuli skrá meðal annars skotfæri, gott væri að fram kæmi hvernig á að háttá skráningu skotfæra sem og hvernig verður með endurhlaðin skotfæri sem handhlaðin eru til eigin nota sem mikið er um, sérstaklega hjá einstaklingum sem stunda skotfimi þar sem notuð eru miðkveikt skotfæri, við teljum að þetta verði mjög snúið í framkvæmd og að betra væri að fella þetta út.

17gr.

Um 19gr. þarna verður að tryggja að ferli við skráningar sé virkt og dragist ekki úr hófi, svo að unsóknir um kaup og sölu séu ekki stopp hjá embættum jafnvel vikum saman vegna sumarleyfa starfsmanns eða annarar fráveru þeirra. Annars er breyting af hinu góða.

19.gr

Í 3.mgr. 23.gr segir að hver eigandi eða vörsluaðili skotvopns og fylgihluta skuli hafa yfir að ráða sérútbúnum vopnaskáp, hér virðist horfið frá þeirri reglu að hægt sé að eiga allt að þrjú skotvopn án þess að hafa yfir að ráða vopnaskáp og teljum við þessa breytingu löngu tímabæra og af hinu góða.

Um 6.mgr 23.gr. segir að ráðherra skuli setja reglugerð um stærð skápa eftir fjölda skotvopna íhluta og skotfæra. Þessi grein þykir okkur orka mjög tvímælis, skotvopn eru mjög mismunandi að stærð og skápur sem tæki að hámarki fimm ríffla mundi léttilega rúma 10 haglabyssur eða tuttugu skammbyssur svo gróft dæmi sé tekið, heppilegra væri að leggja þá skyldu á leyfishafa skotvopnaleyfa að þeir geti sannanlega komið öllum sínum vopnum í þar til gerða skápa.

Einnig er hér komið inn á að einstaklingar með sama lögheimili geti deilt skáp, þetta er mjög gott ákvæði og mundum við mun fremur vilja sjá það skýrt og afdráttarlaust í lögunum frekar en að falla undir reglugerð ráðherra.

Rétt er að geta þess að geymsla skotfæra og íhluta í stálskápum getur reynst varhugaverð sökum þess að sé þrengt að slíkum efnum td við bruna myndast sprengihætta sem er ekki til staðar séu þau geymd í öðrum læstum hirslum.

Skotvopn í eigu skotfélaga skulu að auki vera varðveitt í húsnæði sem er búið þjófavörn og vaktad af viðurkenndu öryggisfyrirtæki. Hið sama á við um um safnvopn. Þá er ráðherra heimilt að setja í reglugerð skilyrði um hvað telst vera viðurkennt öryggisfyrirtæki skv. 4. mgr. Okkur vitanlega er ekki hægt að uppfylla þetta ákvæði í dag þar sem ekkert öryggisfyrirtæki starfar eða er með viðbragðsaðila utan stór höfuðborgarsvæðssins suðvesturlands að/og með Selfossi og á Akureyri og innanverðum Eyjafirði. Þarna ætti að koma í staðinn: Öryggiskerfi með úthringibúnaði og myndavélarvöktun. Svo viðkomandi aðilar séu ekki neyddir til að kaupa þjónustu sem er ekki fyrir hendi og veitir falskt öryggi.

28gr

Það er nokkuð ljóst að mikill misbrestur hefur verið á skráningu vopna í gegnum árin og þær skrár ekki alltof áræðanlegar og enn eru að koma fram og finnast vopn td. í dánarbúum sem eru ekki per se ólögleg eða illa fengin en óskráð, og hefur verið hægt að framvísa þeim og fá skráð löglega án eftirmála fyrir þann sem hefur haft leyfi til eignar og vörslu og gert það að eigin frumkvæði og án refsiverðrar háttsemi, teljum við varhugavert að breyta þessu fyrirkomulagi því að það mun verða frekar til að þessi vopn komi ekki upp á yfirborðið og séu skráð löglega.

Greinargerð.

Í greinargerð frumvarpsins segir að stofnaður hafi verið starfshópur með fulltrúum dómsmálaráðuneytis, embættis ríkislögreglustjóra, embættis lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu, embættis lögreglustjórans á Norðurlandi vestra og embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Það sem vekur athygli okkar og teljum verulega ámælisvert er að í þessum starfshópi hafi ekki verið einn einasti fulltrúi frá hagsmunaaðilum svo sem Skotveiðifélagi Íslands Skotvís, félagi safnara á Íslandi Gunnloga, og Skotíþróttasambandi Íslands eða aðildarfélagaga þess. Þetta eru þeir aðilar sem eiga ríkra hagsmuna að gæta og hjá þessum aðilum er mikil þekking til staðar um þessi

málefni og í hæsta máta óeðlilegt að sniðganga þá aðila er málið varðar hvað mest með þessum hætti.

Þar sem vísað er í Norsk lög sem dæmi þá er rétt að geta þess að þar eru heimildir fyrir eign á bæði miðkveiktum halfsjálfvirkum rifflum og skammbyssum til íþróttaiðkunar mjög rúmar og ekki verið talin ástæða til að þrengja þær þrátt fyrir hryðjuverkin í Útey 2011, og fyrir minni loftbyssur þarf eingöngu að vera fullra 18 ára til að mega eiga og brúka. Í Danmörku er umgjörðin mjög svipuð og á mestan hátt umtalsvert rýmri en hér á landi t.d. er varðar D-leyfisvopn og fyrir minni loftbyssur þarf eingöngu að vera fullra 18 ára til að meiga eiga og brúka.

Nánast öll þau ríki er við berum okkur saman við leyfa mun lægri aldur til iðkunar skotíþróttá og allt niður í 6-8 ára aldur og oft sem valhluta innan námskrár skóla.

Finnsku vopnalögin eru ein þau rýmstu í EU og vopnaeign almennust (226þús skammbyssur sem dæmi) en þar eru afbrot með vopnum sjaldgæf og ekki talin teljandi vandamál eða hætta. Bretar búa við eina þrengstu vopnalöggjöf í Evrópu síðan 1996 varðandi eign og skráningu vopna, þetta hefur þó ekki leitt til fækkunar afbrota og hefur jafnvel verið aukning í vopnatengdum afbrotum síðan 2015.

Komið er inn á að hér á landi hafi komið upp alvarleg mál vegna einstaklinga sem aldrei hafi haft skotvopnaleyfi eða verið sviptir því. Mál sem rekja má til ágalla á skráningu og eftirliti með eign viðkomandi, sem og að eftirliti með andlegu heilbrigði hafi verið verulega ábótavant. Algengast er að skotvopnum í afbrotum sé stolið eða þau komist í rangar hendur vegna geðheilsu eða vímuefna vanda, þetta eftirlit þarf að efla umfram allt annað.

Niðurlag.

Endurskoðun vopnalaga var orðin tímabær og við teljum margt gott í nýju frumvarpi, skýrari línur eru lagðar í mörgum tilfellum sem er jákvætt þótt full langt sé gengið á köflum, auk algjör skorts á samráði við hagsmunaaðila og samtök þeirra, eins er of margt skilið eftir opið og látið falla undir regugerð ráðherra í stað þess að festa í lög, *sem hefur verið eitt helsta vandamál við vopnalögin að það er svo mikið opið gagnvart vinnureglum, og reglugerðabreytingum eftir hentugleika hverju sinni.*

Blönduósi 23.11.23

fh. Markviss



Jón B. Kristjánsson formaður